

## Ávarp við setningu þings SGS 2017

1. Enn og aftur stendur þjóðin frammi fyrir því að kjósa til Alþingis. Enginn vafi á því að pólitískur óstöðugleiki hefur haft mjög neikvæð áhrif á vinnumarkaðinn og hamlað því að við getum þróað hann til betri vegar til að geta betur mætt nýjum áskorunum.

Deilt hefur verið um raunverulegt inntak hugtaksins „stöðugleiki“ þar sem Alþýðusambandið hefur bæði lagt áherslu á að jafnvægi verði á milli efnahagslegs og félagslegs stöðugleika – að þetta séu tvær hliðar á sama peningi sem hlúa verður jafnt að – og sett það sem fyrirvara við frekari umræðu og þróun á nýju samningamódeli hér á landi.

Stjórn málin verða að gera sér grein fyrir þeirri alvöru sem að baki þessari kröfu liggur og komið velferðarmálunum í þann farveg að þau verði í raun reist á grundvelli norrænu samfélagsgerðarinnar. Til að áréttta þessa stöðu hefur miðstjórn ASÍ ákveðið og þegar hafið kynningu á því sem við höfum kallað „samfélagsáttmála um félagslegan stöðugleika“ með áherslu á öflugt heilbrigðiskerfi, öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum, að allir búi við örugga afkomu og aðstæður, að vinnumarkaðurinn byggji á ábyrgum stoðum og traustri velferð og að tekjuöflun hins opinbera byggji á réttlátu skattkerfi.

Ég hef líka sagt að víðtækt samkomulag milli vinnumarkaðarins og stjórn mála um trúverðugt samhengi efnahagslegs og félagslegs stöðugleika gæti verið farsæl leið til þess að koma á meiri festu og trúverðugleika á bæði vettvang stjórn mála og vinnumarkaðarins ef vel er á málum haldið.

Forsenda þess er þó að launafólk verður að geta treyst því að staðið verði við það sem samið verður um. Í nýlegri skýrslu hagdeildar ASÍ um þróun skatta og fjölskyldubóta kom fram, að þrátt fyrir að verkalýðshreyfingunni hafi tekist að lyfta grettistaki í hækkun lægstu launa – reyndar svo að hlutfall þeirra af meðallaunum er hvergi hærri meðal OECD ríkjanna. Nánast á sama tíma hafa stjórnvöld rýrt verðgildi bæði skattleysismarka og barna- og húsnæðisbóta með þeim hætti að þessi sókn okkar um betri lífskjör fyrir þá tekjulægri hefur verið nettuð út með hærri skattbyrði og lægri bótum.

2. Á næsta ári munu kjarasamningar aðildarféлага ASÍ losna, annað hvort í ársbyrjun vegna forsendubrests eða í árslok þegar þeir renna sitt skeið á enda í lok nóvember. Þó það sé ótímabært að segja til um þá stöðu sem þá kann að verða upp, er ljóst að að óbreyttu munum aðildarfélagin fara inn í þær viðræður á óbreyttum forsendum frá síðustu lotu. Ríkið er og hefur verið leiðandi í bæði launasetningu og launaþróun og almenni markaðurinn þarf að sækja á um leiðréttingar á sama tíma og margar greinar atvinnulífsins standa a.m.k. á veikari stoðum en síðast þegar við vorum með opna samninga. Jafnframt er mikil óvissa um bæði forsendur og vilja til samstarfs innan okkar eigin raða, hvað þá við önnur heildarsamtök. Ég ætla ekki hér að fara nánar út í þessa hlið málsins – en mun vafalaust koma betur að því síðar í haust – en allt eru þetta atriði sem forystumenn einstakra aðildarféлага þurfa að leiða hugann að á næstu mánuðum og við sameiginlega þegar kemur að mótun sameiginlegra krafna á stjórnvöld.

3. En frá því að hreyfingin samdi síðast hefur mikil umræða verið um skipulagsmál innan okkar raða og hefur Starfsgreinasambandið tekið ákveðið frumkvæði í þeirri umræðu. Í síðustu samningum skall hurð nokkuð nærri hælum varðandi víðtæk átök á almennum vinnumarkaði, en við atkvæðagreiðslu um verkfallsboðunina komu í ljós ýmis vandamál sem tengjast skörun félagssvæða bæði innan sambanda og milli sambanda. Ég veit að hér á þessu þingi er ætlunin að taka þessi mál til umræðu og freista þess að skýra betur þau mörk sem mikilvægt er að virða hvað þetta varðar.
4. Það er enginn launung á því að forysta ASÍ hefur lengi haft verulegar áhyggjur af stöðu þessara mála. Ég hef sjálfur verið þeirrar skoðunar að við einfaldlega verðum að taka þessi skipulagsmál fastari tökum ef við ætlum ekki bara að verja það fyrirkomulag sem við höfum byggt upp heldur sækja fram um endurbætur á því. Ástæðan fyrir þessum áhyggjum er einföld og til að útskýra það er e.t.v. heppilegt að nota árangur Íslendinga í bæði kvenna- og karlalandsliði í fótbolta. Það er almennt viðurkennt að stóran hluta þessa árangurs megi rekja til annars vegar góðs skipulags á velli milli þeirra „eininga“ sem þar starfa – vörnin, miðjan og sóknin – í þaulskipulagðri verkaskiptingu þar sem hver leikmaður og eining veit til hvers sé af honum ætlast. Hins vegar hafa menn bent á viðhorf, samstöðu og sameiginlegar sýnar sem einkennir bæði einstaka leikmenn og liðið sem heild og vegna þess þeirrar miklu leikgleiði sem skín í gegn.
5. Höfum það hugfast að hlutverk og markmið verkalýðshreyfingarinnar um að þróa hér betra samfélag fyrir okkar félagsmenn hefur ekki breyst frá upphafi, þó aðstæður í okkar samfélagi séu síbreytilegar og nýjar áskoranir birtast okkur í sífellu vegna þess. Getu okkar til þess að mæta þessum áskorunum, og ná árangri, er hins vegar nátengd því skipulagi og þeirri verkaskiptingu sem við veljum okkur á hverjum tíma. Aðstæður okkar félagsmanna eru og að breytast við þær hröðu breytingar sem eru að verða á bæði innihaldi starfsins sem og hvernig tengsl hins almenna launamanns við vinnustaðin eru að breytast með vaxandi hlut skammtímaráðninga, verktakavinnu og hvers kyns launamennsku. Við þessar aðstæður megum við ekki festa okkur í skipulagi gærdagsins. Höfum það hugfast að í neóklassískum mannauðsfræðum er þetta reyndar kennt, að fyrirtæki eigi einmitt að þróa með sér tiltölulega fámennan „kjarnahóp“ sem sé tengdur hagsmunum fyrirtækisins bæði félagslegum og fjárhagslegum böndum en fjölmennari „jaðarhóp“ sem sé haldið fjarri slíkum tengslum með lausara sambandi og lakari kjörum. Því verðum við að geta og þora að horfast í augu við afleiðingar þessarar þróunar gagnvart því verkefni sem okkur er treyst fyrir og finna leiðir til þess að láta skipulagið og leikgleðina vinna með okkur. Þó mikið hafi verið gert að því að sameina félög innan raða Alþýðusambandsins, sem ég held að eigi að halda áfram, hefur lítið nýtt gerst í okkar skipulagsmálum. Ég hef tekið eftir því í umræðunni innan okkar raða að það er mikil tregða við að reyna eitthvað nýtt á sviði samningamála, hvort sem það er nýtt samningamódel eða tilraunir með að sameina ólíka krafta innan einstakra atvinnugreina með svokölluðum kartelsamningum. Hér verðum við að vera okkur meðvituð um það, að ef hreyfingin þarf að beita sér í átökum, og ég þreystist ekkert á því að undirstrika að þær aðstæður eru að skapast, munu þessi atriði skipta sköpum um árangur.
6. En góðir félagar. Við erum ekki eyland, þó eyja sé, og á vettvangi alþjóðamála eru við þátttakendur í norrænni, evrópski og alþjóðlegri hreyfingu sem telur hátt í 182 milljónir félagsmanna í 163 löndum. Þessi hreyfing okkar hefur verið í sífelldri endurnýjun s.l. áratug og hefur náð markverðum árangri í að koma málefnum launafólks á dagskrá á alþjóðavettvangi. Atlagan að réttindum og stöðu launafólks á vinnumarkaði er og alþjóðleg og því skiptir það okkur verulegu máli að vera beinir þátttakendur í þeirri baráttu og umræðu um leiðir til að treysta stöðu hins almenna launamanns. Athygli umheimsins á stöðu mála hér á landi hefur og vaxið að undanförunni eftir að bæði Alþjóðavinnuáráðstofnunin (ILO) og

Alþjóðagjaldeyrisstjóðurinn (AGS) birtu greiningar á því hvernig Ísland hefði lent fyrst og harðast í heimskreppunni 2008 og jafnframt náð sér fyrst og hraðast út úr henni aftur með farsælu samstarfi aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda. Hér á landi er þátttaka í stéttarfélögum mest, lægstu laun sem hlutfall af meðaltali og miðgildi launa hæst og tekjujöfnuður mestur – þó við séum engan veginn kominn á leiðarenda með það.

7. Að lokum vil ég óska ykkur velfarnaðar í störfum ykkar hér á þinginu og hlakka til að sjá afrakstur þeirrar vinnu í þeim ályktunum sem ég veit að eiga eftir að slá tóninn í framhaldi.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ